



Ólafsdalsskólinn 1880-1907

130 ár frá stofnun fyrsta búnaðarskóla á Íslandi

Útgefandi: Ólafsdalsfélagið í samvinnu við Bændablaðið • www.olafsdalur.is • olafsdalur@olafsdalur.is



Mikilvægi Ólafsdalsskólans

Í Ólafsdal var fyrsti bændaskóli á Íslandi stofnaður fyrir 130 árum, árið 1880. Var hann starfræktur til ársins 1907 og skipti höfuðmáli í landbúnaðarsögu þjóðarinnar. Frumkvöðull að stofnun skólans og skólastjóri alla tíð var hugsjónamaðurinn Torfi Bjarnason.

Hann fæddist 28. ágúst 1838 á Skarði á Skarðsströnd í Dalasýslu. Árið 1860 gerðist Torfi vinnumaður á Þingeyrum í Húnavatnssýslu og kynntist þar Guðlaugu Zakaríasdóttur. Hún fæddist 19. október 1845 á Heydalsá í Strandasýslu. Að lokinni Skotlandsför Torfa giftu þau sig (1868) og ári síðar fluttist fjölskyldan að Varmalæk í Borgarfirði þar sem þau hjuggu þar til þau keyptu Ólafsdal í Gilsfirði árið 1871. Torfi lést 1915 og Guðlaug 1937. Þau hjón þóttu fyrirmyndarhjon og ást þeirra og virðing hvors til annars var auðsæ alla tíð. Þeir sem dvöldu um lengri eða skemmri tíð í Ólafsdal minnst þeirra hjóna með hlýju, þau hafi borðið mikla virðingu fyrir samferðarfólki sínu og gott hafi verið að vinna hjá þeim enda sanngirni í samskiptum höfðu að leiðarljósi. Af bréfum skólapilta til Torfa kemur þetta glögglega í ljós, þeir minnast tímans í Ólafsdal sem eins besta tíma lífs síns og Torfa og Guðlaugar með hlýju. Börn Guðlaugar og Torfa voru: Ingibjörg (1866–1904), Áslaug (1869–1950), Ásgeir (1871–1916), Ragnheiður (1873–1953), Ástríður (1875–1903), Karl (1877–1900), Kristín (1879–1880), Þórdís (1881–1905), Sigríður (1883–1902), Ingunn (1885–1887), Markús (1887–1956) og Pétur (1891–1891). Guðlaug og Torfi ólu upp sex fósturbörn auk fjögurra barna sem ólust að nokkru leyti upp hjá þeim.

Guðlaug, kona Torfa, hafði umsjón með allri matargerð fyrir nemendur og heimafólk og var til þess tekið hve nýtin hún var. Matjurtaræktunin var rýmuð, ræktaðar voru m.a. kartöflur, sykurnæpur, bortfelskar rófur (teljast til næpa), gulrófur, hafrar, fíður-sinnep og bygg. Ostagerð var löngum stunduð í Ólafsdal og var ostur gerður úr sauðamjólkinni en 170 ær voru mjólkaðar í Ólafsdal og 16 kýr. Úr sauðamjólkinni var einnig gert smjör og skyr. Skyrið var til heima-



Guðlaug Zakaríasdóttir

brúks, etið daglega og í því geymdur súrmatur en smjör og ostar seldir til Reykjavíkur. Ragnheiður dóttir Torfa og Guðlaugar fór til náms í ostagerð til Kaupmannahafnar og lagði sig sérstaklega eftir gerð dýrari osta, s.s. roquefort-osta úr sauðamjólki og gorgonzola-osta úr kúamjólki.

Þann 1. júní 1880 var skólinn í Ólafsdal settur í fyrsta sinn. Fimm ungir menn hófu nám þennan dag í fyrsta búnaðarskóla Íslands. Þeir voru Sigurður Magnússon og Gísli Jónsson úr Strandasýslu, Jón Hafsteinn Lárusson úr Dalasýslu, Júlíus Jóhann Ólafsson úr Austur-Barðastrandarsýslu og Sæmundur Eyjólfs-son úr Mýrasýslu. Tilgangur skólans var að kenna jarðrækt – verklega og bóklega. Námsárið var frá vori til vors og námstíminn tvö ár. Eiginlega voru nemendur ráðnir til ársvistar á skólabúinu með áskilnaði um skipulegt jarðræktarnám. Áhersla var lögð á að kenna notkun hestaverkfæra við hin ýmsu jarðræktarstörf og heyskap. Nemendur skyldu aðstoða við smíði verkfæra. Á veturna var m.a. bókleg kennsla í reikningi og efnafræði, grasa- og jarðræktarfræði, hagfræði og „uppráttarlist“. Einnig húsdýrafræði og eðlisfræði. Nemendur gengu til búverka og þeir skrifuðu fyrirlestra kennarans. Segja má að skólinn hafi þróast upp úr hugsjón Torfa um stofnun og rekst-



Torfi Bjarnason.

ur fyrirmyndarbús. Alls innrituðust 154 nemendur í skólann á starfstíma hans, árin 1880-1907. Þeir skiptust svo eftir sýslum:

Sýsla	Fjöldi	%
Dalasýsla	27	17,3
Strandasýsla	18	11,5
Norður-Ísafjarðarsýsla	15	9,6
Suður-Þingeyjarsýsla	13	8,3
Suður-Múlasýsla	10	6,4
Mýrasýsla	9	5,8
Norður-Múlasýsla	9	5,8
Vestur-Húnavatnssýsla	9	5,8
A-Barðastrandarsýsla	8	5,1
Norður-Þingeyjarsýsla	7	4,5
Snæfellsnessýsla	7	4,5
Árnessýsla	4	2,6
V-Barðastandarsýsla	4	2,6
Vestur-Ísafjarðarsýsla	4	2,6
Austur-Húnavatnssýsla	3	1,9
Eyjafjarðarsýsla	3	1,9
Skagafjarðarsýsla	3	1,9
Gullbringusýsla	2	1,3
Borgarfjarðarsýsla	1	0,6
	156	100

Heimkomnir voru Ólafsdalssveinar iðnir við að breiða út það sem þeir höfðu lært, margir tóku þeir með sér verkfæri sem þeir nýttu til þess að útbreiða nýja verkunnáttu. Þeir réðust á þúfurnar, mældu upp tún, gerðu flókin áveitukerfi. Þá voru þeir langflestir áberandi í sínu samfélagi, stóðu að stofnun félaga eins og búnaðar-, jarðræktar-, lestrar- og framfararfélaga. Þeir gerðust margir hverjir virkir í sveitarstjórnnum, voru oddvitar, hreppstjórar, bæjarfulltrúar og sýslunefndarmenn. Einhverjir voru með í að stofna rjómaþú, sparisjóði, samvinnufélög, mjólkurbú og verslunarfélög.

Torfi kom upp myndarlegum byggingum í Ólafsdal. Það mesta var hið myndarlega skóla- og íbúðarhús frá 1896 sem enn stendur. Athyglisvert einkenni bygginganna í Ólafsdal er notkun tilhöggvins steins í vegg þeirra enda var það að sprengja grjót með púðri og fleygum heiti einnar verknámsgreinar við skólann. Í dagbók Torfa frá Skotlandsdvölinni 1866-1867 má sjá að hann hefur m.a. kynnt sér eins konar steinsmíði sérstaklega. Traustur grunnur skólahússins frá 1896 svo og útveggir gripahúsa, sem enn standa, sýna að mikil og vönduð vinna hefur verið lögð í steinsmíðina. Hugsanlega hefur steinsmíðin í Ólafsdal verið fyrirmynd húsagerðar þar í nágrenninu.



Kennarar og nemendur í Ólafsdal vorið 1897. Standandi f. v.: Benedikt Kristjánsson, Tryggvi Gunnarsson, Jón Sigurgeirsson, Helgi Guðjón Einarsson, Jónas Pálsson, Rögnvaldur Lindal, Árni Thorlacius og Benjamin Benjamínsson. Sitjandi f. v.: Halldór Stefánsson, Ellert Jóhannesson kennari, Torfi Bjarnason skólastjóri, Bogi Thorarensen og Kristján Jónsson



Helstu viðburðir í Ólafsdal 2010

Ólafsdalsskólinn 1880-1907

130 ár frá stofnun fyrsti búnaðarskóla á Íslandi
Sýningin verður á aðal hæð skólahússins í Ólafsdal.
Opin 10.júlí-8.ágúst kl. 13.00-17.00.

Dalir og Hólar – ferða-teikningar

Sýning listamanna á 2. hæð skólahússins í Ólafsdal.
Opin 24. júlí -8. ágúst kl. 13.00-17.00

Ólafsdalshátíð 8. ágúst kl. 13:00-17:00

Fjölbreytt dagskrá.
Undirritun samnings á milli sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis (ráðherra) og Ólafsdalssfélagsins.
Ávörp, erindi, tónlist, leiðsögn, gönguferðir, veitingar, markaður, verkmenning, húsdýr.

Ólafsdalsfélagið

Ólafsdalsfélagið var stofnað í Ólafsdal í júní 2007. Vorið 2010 voru félagar orðnir um 180 og þeim fjölgar stöðugt. Stefnir er að því að Ólafsdalur verði á ný frumkvöðlasetur eins og hann var á tímum Torfa og Guðlaugar. Ólafsdalsfélagið mun hafa umsjón með endurreisn staðarins samkvæmt samningi við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið. Aðgengi almennings að jörðinni verður tryggt, enda var Ólafsdalsskólinn þjóðskóli í þeim skilningi að þangað komu nemendur hvaðanæva að af landinu og áhrif hans voru mikil. Þær hugsjónir og sú trú á land og þjóð sem endurspegluðust í allri starfsemi Ólafsdalsskólans eiga nú mikið erindi við íslensku þjóðina.

Endurreisn matjurta-garðsins í Ólafsdal

Guðrún Hallgrímsdóttir, matvæleverkfræðingur

Á Ólafsdalshátíð í fyrra sumar var dregin upp mynd af starfs-seminni í Ólafsdal eins og hún gæti orðið eftir fjögur ár, sum-arið 2013. Lýst var margvíslegri nýtingu hlunninda s.s. eggja-tínslu, fuglaveiði og grasaferð-um, sveppa- og berjatínslu og ferðum í sólvafjöru. Þá var sagt frá endurreisn matjurtagarðs þeirra Guðlaugar og Torfa sem hlotið hafði lífræna vottun og rykið dustað af ýmsum gömlum hefðum í Dölum og Saurbæ, svo sem fyrstu kofnasúpu sumars-ins og skarfaveislum.

Síðan voru reifaðar hugmyndir um fjölbreytta matjurtamarká landsins þar sem afurðir garðsins voru til sölu svo og söl, þurrkaðir sveppir og ýmislegt annað góð-gætti. Agóði af sölu á markaðnum rann til frekari uppbyggingar mat-jurtagarðsins sem gegndi marg-vislegu hlutverki. Í garðinum var ræktað flest það sem var í ræktun við skólann á árunum 1880 - 1907, hann var varðveislustaður gam-alla grænmetis- og nytjaplanta sem bættu er á að glatist úr rækt-um og þar fóru fram tilraunir með lítið ræktaðar tegundir s.s. sumar og veturnæpur. Matjurtagarð-urinn þjónaði einnig sem skóla-garðar fyrir Vesturland og hluta Vestfirða enda mun hugmyndin

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra Jón Bjarnason

Í tilefni af 130 ára afmælis Ólafsdalsskólans

Allt frá því ég heyrði minnst á Ólafsdal sem barn, hefur sá staður verið mér ofarlega í sinni. Ólafsdalur og nafn skólastjórans og eldhugas Torfa Bjarnasonar var sveipað einhverjum ævintýraljóma.



Saga Ólafsdals og þeirra hjóna Guðlaugar Zakaríasdóttur og Torfa Bjarnasonar er mikil og mörgum kunn en hún lýtur þó sömu lögmál-um og aðrar slíkar, að ef henni er ekki við haldið hverfur hún smátt og smátt í djúp gleymskunnar. Hér ætla ég ekki að rekja sögu Ólafsdalsskól-ans, enda þykist ég vita að svo verði gert af öðrum aðilum í lengra máli en mér er ætlað í stuttu ávarpi.

Um tíma leit út fyrir að Ólafsdalur væri með öllu heillum horfinn og hús og önnur mannvirki þar á staðnum myndu heyrja sögunni til. Hefði svo farið hefðu mikil menningarverðmæti glatast og um leið stór þáttur í okkar þjóðarsögu – einkum hvað varðar íslenskan landbúnað. Því er framtak þeirra aðila sem vinna að endurreisn staðarins og halda á lofti minningu Torfa Bjarnasonar þakkarvert.

Í mörg ár hafa áhugamenn um uppbyggingu í Ólafsdal gengið á fund ráðamanna og leitað eftir stuðningi. Það hafa ekki einungis verið heima-menn heldur og aðrir sem hafa hrif-ist af staðnum – séð þar möguleika og fyrir öllum hefur vakað að forða staðnum frá hruni og eyðileggingu.

Ég ber þá von í brjósti að nú hafi tekist að koma þessum málum í farsælan farveg og Ólafsdalur muni um ökominn ár og gegna verðugu hlut-verki. Hvorki skortir áhugann né framtíðsáform og í þessu máli sem öðrum gildir að „viljinn dregur hált hlass.“

Við endurreisn Ólafsdals verður mönnum óefað oft hugsað til þeirra sem um staðinn gengu forðum

Jón Bjarnason

Þann 5. júní síðastliðinn var svo verkinu haldið áfram, í blíð-skaparveðri var svæðið í kring-um garðinn girt af, garðurinn tættur og í hann boríð fiskimjöl og meira kalk. Smíðaðir voru 6 vermireitir og síðan plantað for-rækтуðum matjurtaplöntum frá Engi, kartöfluútsæði sett niður og sáð og plantað í vermireitina. Til að mynda skjól voru gróðursettir rífsberja-, sólberja- og stíkilsberj-arunnar, einnig skessujurt, pip-arrót og rabarbara. Í garðinn var síðan plantað hvítkáli, blómkáli, hnúðkáli, rauðkáli, kínakáli, næp-um, rauðrófum og gulrófum af stofninum Gunnar sem ræktað er af fræi sem talið er vera af sama stofni og notaður var í Ólafsdal. Afi Vernharðs í gróðrarstöðinni Storð, Vernharður Gunnarsson, var nem-andi í Ólafsdal 1888 og hélt við stofninum. Gekk hann áfram til Gunnars, sonar Vernharðs sem var garðyrkjumaður í Grænuhlíð í Reykjavík. Sonarsonur Vernharðs og nafni, garðyrkjumaður í Storð, hefur síðan haldið stofninum við.

Í vermireitina var plantað ýms-um salattegundum og kryddjurtum og að lokum settar niður kartöflur. Þess er vænst að hægt verði að gæða sér á afurðum úr garðinum á Ólafsdalshátíðinni 9. ágúst. Ólafsdalsfélaginu þætti mikill fengur í upplýsingum um gamla



stofna sem verið hafa í ræktun á Vesturlandi og Vestfjörðum, ekki síst um gömul kartöfluaflbrigði eða rófur af eigin fræraekt. Einn-ig væri forvitnilegt að fá fréttir af gömlum plöntum í gördum, t.d.

skessujurt, piparrót, rabarbara, gömlum berjarunnum eða villilauk sem fundist hefur á Vesturlandi.

Hvers kyns upplýsingar um garðrækt í Ólafsdal eða á Vest-urlandi væru einnig vel þegnar.



Ólafsdalshúsinu bjargað 1995–1996

Árið 1994 var skólahúsið í Ólafsdal hætt komið sökum vanshíróð. Því skipaði Búð-arsamband Dalamanna nefnd í júní það ár. Ólafsdalsnefnd skipuðu í upphafi: Magnús Sigurðsson, Gílsbakka, til-nefndur af Búnaðarfélagi Ís-lands, Sturlaugur Eyjólfsson, Efri-Brunná, tilnefndur af Búnaðarfélagi Dalamanna og Björn Þorláksson, tilnefndur af landbúnaðarráðuneytinu. Inn í nefndina komu síðan Bjarni Ásgeirsson í Ásgarði og Magnús Ásgeirsson á Fells-enda.

Viðgerður á húsinu stóðu 1995-1996. Gert var við fúaskemmdir, í sem voru fúrðulitlar. Síðan var

1 Heimild: Sturlaugir Eyjólfsson: Minnisblað vegna Ólafsdals. Efri Brunná, 14. apríl 1997.

Merkar jarðræktarminjar í Ólafsdal

Bjarni Guðmundsson, Landbúnaðarsafni Íslands, Hvanneyri

Á ofanverðri 19. öld gætti vax-andi áhuga Íslendinga á jarð-rækt. Að miklu leyti var hann endurvarp áhrifa sem ungir menn höfðu orðið fyrir meðal annarra þjóða. Heim komnir kynntu þeir nýfengna kunn-áttu, ýmist beint með verkum sínum eða með skrifum og annarri fræðslu. Starfið var formgert með farandbúfræð-ingum á vegum nýstofnaðra búnaðarsamtaka og stofn-um og síðan starfi búnaðarskól-anna um og upp úr 1880.

Torfi Bjarnason frá Skarði á Skarðsströnd fékk ungur tækifæri til þess að kynnast búnaðarháttum nágrannabjóða. Með eigin dugnaði og stuðningi velgjörðarmanna tókst honum síðan að kynna ýmsar bún-aðarnýjungar þannig að alknunnar urðu, ekki síst með skóla þeim er hann setti á stofn í Ólafsdal árið 1880. Með nemendum skólans barst ný verkþekking á sviði jarðræktar út um sveitir.

Verkum Torfa hafa verið gerð al-menn skil á öðrum stöðum svo að ekki verður um þau fjallað hér. Hins veg-ar verður hér sagt frá jarðræktarm-injum í Ólafsdal og þá einkum byggt á frumathugun sem höfundur gerði á nokkrum þeirra haustið 2008.

Engum, sem til búnaðarsögunnar þekkir, kemur á óvart hve jarðrækt-arminjar í Ólafsdal eru ríkulugar. Torfi Bjarnason rak á þeirrar tíðar mælikvarða umfangsmikið bú þar. Með vissum hætti má segja að nem-endur hafi ráðist til ársvistar á skóla-heimilinu með áskilnaði um sérstak-an viðurgjörming á formi bóklegrar og verklegrar kennslu. Í skólastarf-inu lagði Torfi ríka herslu á verklegt nám, og þá einkum viðfangsefni sem snertu jarðrækt enda fóðurfram-leiðslan um þær mundir sá þáttur sem hvað sárast takmarkaði afkomu landsmanna.

Nánast hvar sem boríð er niður í Ólafsdalstúni og í næsta nágrenni þess eru leifar eldri búskaparháttu að sjá skammt undan. Sé horft til minjapáttar skólastarfsins í Ólafsdal fólst jarðrækt Torfa einkum í þessum viðfangsefnum:

- smíði og aðlögun hæfilegra verk-færa til jarðvinnslu
- verklegri kennslu í jarðrækt;
- um vörslu lands
- um vatnsmiðlun; ræslu og veitingu vatns
- um túnasléttun.

Verður nú fjallað nokkuð um hvern þessara þátta.

Ristuspaðinn varð almenningseign

Torfi Bjarnason færði til landsins, smíðaði og kynnti ýmis verkfæri til bústarfa og þá einkum til jarðræktar.

Flest þeirra höfðu þá um langt árabil verið í notkun meðal nágrannabjóða.



Efnismikill vörslugarður um Eyratúnið í Ólafsdal. Þar skorti ekki hráefni til garðhleðslunnar. Stíkan á myndinni mælir 1,0 m. (BG)

Skömmu áður en Torfi setti skóla sinn hafði Sveinn Sveinsson, bú-fræðingur, síðar fyrsti skólastjórinn á Hvanneyri, kynnt þau hérlandis í merku riti sínu. Sum verkfæraanna, svo sem plöga, lagaði Torfi síðar að íslenskum aðstæðum og bjó þau í hendur nemenda sinna. Dæmi um flest verkfæri Torfa hafa varðveist og má nú sjá á ýmsum söfnum, t.d. í Byggðasafni Dalamanna að Laugum í Sælingsdal og í Landbúnaðarsafni Ís-lands á Hvanneyri. Ekki verður nán-ar um verkfæri Torfa fjallað hér en aðeins nefnt það verkfæri sem líklega varð flestum að gagni: ristuspaðinn er „varð almenningseign þegar um hans daga.“

Grjótgarðarnir miklu

Miklir túngarðar eru í Ólafsdal og sennilega flestir frá tíma búnaðar-skólans þar. Bæði eru það vörslu-garðar um heimatúnið sem og um túnið er ræktað var á eyrunum niður við sjóinn, hið svonefnda Eyratún. Grjótgarða má sjá á túnupprætti frá fyrstu árum Ólafdalsskólans. Eru þeir neðan við Bæjarvöll og upp með tröðinni heim að bænum. Garðarn-ir, sem enn má sjá, eru efnismiklir. Í þeim virðist vera valið hnullungs-grjót og því að einhverju leyti aðflutt en ekki aðeins komið upp úr nálæg-um velli við grjótárná. Garðarnir eru, svo sem venja var, nær lóðréttir að utan en lítið eitt hallandi sú hlöðin er að hinu varða landi sneri. Sjáv-armegin við Eyratúnið eru svo enn leifar vörslugarðs sem eingöngu virð-ist hafa verið gerður úr torfi.

Einkar athyglisverður er Grjót-náthaginn á Kvíahjalla, stekkjargev-vestur af bænum, líklega frá 1880. Þar er mikill grjótgarður, svipaður að formi og sá um Eyratúnið en ann-arrar grjótgerðar; hráefnið sýnilega sótt í næsta nágrenni garðsins. Hann er um hliðlega 0,9 ha stykki sem er að hluta tvískipt með milligarði. Innan við vesturvegg hagans er allstór rétt. Úr minjum þessum má lesa hluta af sögu landnýtingar í Ólafsdal með málnytupeningi. Í Ólafsdal voru jafn-an 150 ær í kvium; flestar um 170.

Lækurinn leiddur heim ...

Ríkulegar minjar framræslu-skurða má sjá í Ólafsdalstúni. Þótt nokkrir þeirra séu frá vélaöld eru líklega flestir frá tímum handgraftar. Má úr kerfum þeirra enn lesa fram-ræsluhættina. Höfundur hefur ekki kannað framræsluminjarnar sér-staklega né heldur minjar um áveitur sem þarna kunna að vera, en áveitur voru einnig þýðingarmikil verktækni á dögum Ólafsdalsskólans. Fjöllun um þær var gildur efnisþáttur í afrit-uðum fyrirlesturum sem varðveist hafa frá nemendum Torfa.



Með vandaðri hallamælingu var læk úr lind frammi á túni gerð jafnhalla rás heim að Ólafsdalsbæ þar sem vatnið safnaðist í þró til ýmissa heimilisnota. Verkið mun hafa verið unnið árið 1888. (BG)



leg framkvæmd á sínum tíma. Enn er hún ágætlega virk. Úr lind frammi og uppi á túninu hefur vatnið verið leitt í allstórum sveig niður og heim að bænum. Framkvæmdin hefur ver-ið skólasveinum hin ágætasta æfing í hallamælingum. Á að minnsta kosti á einum stað hefur þurft að hlada í legð undir vatnsrásina svo samfelld-ur og réttur vatnshalli fengist. Þá hefur vatninu verið búinn hæfilegur stokkur síðasta spöllinn hafi að bæ, þar sem það enn streymir inn í þró í súðurhorni byggingarinnar er gegndi hlutverki mjólkur-, sorp- og þvotta-húss. Mjög merkieleg framkvæmd þetta sem meta þarf betur og varð-veita.

Tún úr tömu þýfi

Á árunum 1870 og laust fram yfir næstu aldamót var hvatt til beðaræktunar túna. Talsmenn að-ferðarinnar voru einkum þeir Guð-mundur Ólafsson, lóngum kenndur við Fitjar í Skorradal, og Sveinn Sveinsson búfræðingur. Torfi Bjarna-son hefur sýnilega einnig lagt mikla herslu á aðferðina í búskap sínum og kennslu. Allt er þetta skiljanlegt í ljósi þess hvar nefndir menn kynnt-ust ræktunarháttum erlendis. Beða-ræktunin virðist vera, án þess dýpra sé í hana kafað, angi af eldfornum ræktunarháttum sem töðkuðust í nágrannalöndunum – hvað lengst í Færeyjum þar sem þeir þekktust vel fram á síðustu öld.

Ýmsar ástæður voru fyrir beða-ræktunni en einkum sú að með þeim mátti hafa meiri stjórni á yfirbörðs-vatninu – að veita regnvatni frá röt-um plantnanna og leiða það burt án skaða. Hérlandis stólaði það að því að grös kól síður á vetrum. Við rekt-unina, sem oftast byggðist á þakslétt-um, gátu bændur komið lifrænum áburðarefnum undir grásrótina, t.d. búffjárabúrið, að ekki sé nú gleymt því sem mestu skipti – að fá slétt og greiðfært land til sláttar, heypurkk-unar og -flutninga. Þrátt fyrir miklar ræktunarframkvæmdir síðari tíma má enn sjá minjar um beðasléttur víða um land. Þær benda til þess að ræktunarhátturinn hafi á tímabili verið mjög útbreiddur.

Vitað er að nemendur Torfa áttu drúgan þátt í því að beðatún voru rækтуð í mörgum sveitum. Sem eitt dæmi margra má nefna að norður í

Birtu – að baki Ólafsdalsfjalla – má enn í dag sjá glögg merki beða, t.d. um nær gjörvallt túnið á Óspakseyri. Þar og víðar í Bitrúnni vann einn Ólafsdals-nemenda að ræktun í byrj-um tuttugustu aldar. Það var Matth-ías Helgason, síðar bóndi á Kaldr-ananesi á Ströndum, en hann nam í Ólafsdal árin 1897-1899.

Hugsanlega hafði Torfi beitt beðaræktuninni áður en hann hóf umbætur í Ólafsdal. Árin 1869-1871 bjó hann á Varmalæk í Borgarfirði og var þá í skjólum kallaður jarðrækt-armaður. Má enn sjá glöggar minjar um beðaræktun í Kinninni austur af núverandi bæjarhúsum á Varmalæk. Hugsanlega eru þær frá búskapartíð Torfa þar.

Hér verður ekki farið í smáatriði niðurstaðna athugunar höfundar á beðasléttunum í Ólafsdal en að-eins þetta nefnt: Á Eyratúninu eru merki þeirra afar skýr. Beðin sjást enn greinilega, þau eru 4-6 m breið með 30-45 cm djúpum rásum á milli

og a.m.k. 60 m löng. Þau stefna öll undan halla mót VSV. Þar eru fleiri en eitt beðasléttuð-„kerfi“, m.a. aðskil-in af grónum alldjúpum vatns-þver-rásum er sýnilega hafa átt að leiða burt safnvatnið úr rásunum á milli beðanna. Heima á Mýravelli eru sambærileg ræktunarkerfi en minni og ljósari.

Minjar um beðasléttugerð í Ólafs-dal eru miklar og með þeim ríkustu sem höfundur hefur séð hérlandis óraskaðar. Beðaslétturnar á Eyrat-úni og víðar eru enn afar skýrar og bera vott um miklar framkvæmdir.

Sérstaklega gerðar vatnsrásir hafa þar í Ólafsdal verið hluti af beða-sléttukerfunum. Minjar þessar eru líklega einstæðar á landsvísu.

Að varðveita ræktunarsögu

Gagnlegt væri að skoða jarðrækt-arminjarnar í Ólafsdal nánar og þá einnig í ljósi þess sem Torfi skóla-stjóri kenndi nemendum sínum og lesa má um í kennslu- og námsgögn-um sem varðveist hafa frá Ólafsdal. Þótt nauðsynlegt sé að skrá og rann-saka minjarnar sem einstök verk er hitt ekki síður mikilvægt að horfa á þær sem heild, bæði hvað snertir búskap og landnýtingu í Ólafsdal og í ljósi þess að margir sóttu jarðrækt-arkunnáttu til Ólafsdals og breiddu hana þaðan út um ýmsar sveitir landsins.

6 Stephens: The Book of Farms. Will. Blackwood & Sons 1851. Bls. 171-183. 7 Jóan Pauli Joensen: Fólk og mentan. Føroya Skúlabókagrunnur 1987. Bls. 22-34. 8 Þorsteinn Matthíasson: Að morgni. Endurminningar Matthíasar á Kaldrana-nesi I. Leiftur Þv. 208 bls.

Dalir og Hólar - ferðateikningar

24.- júlí - 8. ágúst 2010

Myndlistarsýning í Dölum og Reykhólahreppi.
Sýningarstaðir: í Ólafsdal, í Króksfjarðarnesi, að Nýp á Skarðsströnd og að Röðli á Skarðsströnd.

Sýningin kallast á við sýningarnar Dalir og Hólar 2008 og 2009 að því leyti að hún hefur að markmiði að taka þátt í mannlífi svæðisins, efna til samstarfs við heimamenn og leiða sýningargesti í ferðalag um þetta fjölbreyta og fallega svæði. En hún kallast jafnframt á við ákveðna alþjóðlega hefð innan myndlistarinnar. Það sem listamennirnir sýna er nokkuð sem kalla mætti ferðateikningar; teikningar sem skrásetja eða segja frá ferðalagi á einhvern hátt - hugleiðing, hugmynd eða raunveruleg ferð sýndfjalla um ferðalagið og/eða staðina sem farið er til. Grundvöllur sýningarinnar er þannig í anda ákveðinnar hefðar sem listamenn eins og Collingwood og Ásgrímur Jónsson voru hluti af svo dæmi sé tekið, en báðir gerðu þeir teikningar á ferðum sínum um landið. Við Breiðafjörð og í Dölum hafa margir listamenn sögunnar og samtíðarinnar slitið bernskuskóm eða unnið lífsverk sitt. Svæðið býr yfir fjölskrúðugri náttúru, fjölbreyttu dýralífi, menningu og sögu, sem enn er ótæmandi uppspretta nýrra verka og nýsköpunar í listum. Sýningarstjórn: Kristinn G. Harðarson, Þóra Sigurðardóttir og Helgi Þorgils Friðjónsson. Sýningin er styrkt af Menningarráði Vesturlands, Menningarráði Vestfjarða, Ólafsdalsfélaginu, Kulturkontakt Nord og Statens Kunstråd (Dk.).



Sýnendur:
Anna Guðjónsdóttir f. 1958

Fyrir sýninguna Dalir og Hólar 2010 hefur Anna unnið teikningar út frá ferðalýsingum og frásögnum af svæðinu við Breiðafjörð, í Dölum og Reykhólahreppi.

Anne Thorseth f. 1952

Verk Anne á sýningunni Dalir og Hólar 2010 eru út frá skissum og ljósmyndum sem Anne hefur unnið á gönguferðum sínum við Breiðafjörð. Anne hefur verið tíður gestur á Ís-

landi síðan 1994 og hefur nýtt áhrif frá landslagi og víðattu í verkum sínum.

Dagbjört Drífa Thorlacius f. 1980

Vegna sýningarinnar Dalir og Hólar 2010 hefur Dagbjört lagt í ferðalag um sveitina - á kunnugar heimaslóðir sínar - og heimsótt unga bændur. Ferðalagið á sér stað í miðjum sauðburði þar sem, eins og gefur að skilja, eru miklar annir. Útkoman verður efni sýningarinnar.

Helgi Þ. Friðjónsson f. 1953

Fyrir sýninguna Dalir og Hólar 2010 hefur Helgi Þorgils unnið að 3 verkefnum: Hann hefur haft skissubókina með og skrásett ferð út í Breiðafjarðareyjar fyrstu helgina í maí, þegar hann hefur tínt egg og fleira gömsætt ásamt vinum og vandamönnum og gert veislu úr því. Annað verkefni er skrásetning rústa gamla bæjarins að Ytra-Felli á Fellsströnd í vinnubækur og þriðja verkefni er skrásetning göngu frá Kjal-laksstöðum yfir fjallveg, að kirkjunni á Skarði,

Kristinn G. Harðarson f.1955

Kristinn sýnir teikningar gerðar á sl. þremur árum á ferðum hans um Dalasýslu og þá aðallega um Skarðsströnd og Gilsfjörð. Þetta eru landslagsmyndir unnar með vatnslit og ýmiss konar teiknáhöldum

Kristín Rúnarsdóttir f. 1984

Kristín hefur lagt ákveðna áherslu á teikningu í vinnu sinni. Meðal viðfangsefna hennar eru tengsl fagurfræði og hagnýti. Teikningin er þá að vissu leyti notuð sem tæki til að skrásetja/kortleggja umhverfi og hugarheim.

Þorri Hringsson f. 1966

Undanfarin ár hefur Þorri aðallega sótt myndefni sitt í Aðaldal í Þingeyjarsýslu þar sem hann hefur vinnuáðstöðu. Verkefni sýningarinnar Dalir og Hólar 2010 eru unnin út frá umhverfi Breiðafjarðar og nágrennis og er þetta í fyrsta skipti sem hann glímir við landslag utan Þingeyjarsýslunnar.

Nánari upplýsingar á
www.nyp.is/dalirogholar2010



Ólafsdalur, frumkvöðlasetur 21. aldar – framtíðarsýn Ólafsdalsfélagsins

Ólafsdalsfélagið stefnir að því að í Ólafsdal verði:

- fræðslu- og nýsköpunarsetur um sjálfbærni í búskaparháttum, hefðbundið íslenskt handverk og matargerð, auk rannsókna á menningarlandslagi og náttúru svæðisins. Þar verði haldin námskeið og ráðstefnur er tengjast áðurgreindum þáttum. Áhersla verður lögð á þætti sem tengjast Breiðafirði sérstaklega.
- sýningaraðstaða og aðstaða fyrir fundi og ráðstefnur sem tengjast markmiðum setursins. Einnig verði þar aðstaða fyrir fræðafólk, kennara, listamenn sem óska eftir eða er boðið að dvelja á staðnum í skamman tíma.
- fræðandi menningarferðaþjónusta og veitingasala þar sem boðið verði upp á mat og drykk sem hefur orðið til á staðnum, eða er fenginn úr Breiðafirði og umhverfi hans. Auk þess verði boðið upp á leiðsögn vegna gönguferða á forn-um þjóðleikum, fuglaskoðunar, plöntuskoðunar og hlunnindanýtingar.
- Í þessu skyni hefur félagið tekið upp samstarf við sveitarfélög,



söfn, háskóla og íbúa á svæðinu, auk fræðimanna og listamanna.

- Ólafsdalshátíð verður haldin árlega. Gakktu til liðs við Ólafsdalsfélagið og taktu þátt í endurreisn Ólafsdals.

Margar hendur vinna létt verk! Í stjórn Ólafsdalsfélagsins eru: Bjarni Guðmundsson, prófessor Guðrún Hallgrímsdóttir, matvælaverkfræðingur

Halla Steinólfsdóttir, bóndi (varformaður). Ingvaldur Guðmundsdóttir, bóndi (gjaldkeri). Rögnvaldur Guðmundsson, ferðamálafræðingur (formaður). Sigríður H. Jörundsdóttir, sagnfræðingur (ritari). Sumarliði Ísleifsson, sagnfræðingur. Svavar Gestsson, fyrrverandi ráðherra.

Minning

Sverrir Markússon, f. 16/8 1923- d. 28/11 2009

Sverrir Markússon frá Ólafsdal lést í nóvember síðastliðnum. Hann var síðasta eftirlifandi barnabarn Torfa og Guðlaugar í Ólafsdal og virtur dýralæknir þar til hann lét af störfum. Sverri var mjög annt um Ólafsdal og minningu afa síns og ömmu og beitti sér lengi fyrir því að önnur ættmenn og stofnanir sinntu staðnum betur en raun varð á. Það gladdi því Sverri mjög að



endurreisn Ólafsdals skuli nú loks hafin. Mætti hann af því tilefni á fyrstu Ólafsdalshátíðinni

2008. Ólafsdalsfélagið þakkar Sverri fyrir hans þátt í varðveislu sögunnar um Ólafsdal og vottar aðstandendum hans innlegar samúðarkveðjur.



Torfi Markússon, rekstrarfræðingur.

Þórður Magnússon, rekstrarhagfræðingur.



ÞJÓÐHÁTÍÐARSJÓÐUR

Bændablaðið



Heimilisiðnaðarsafnið - Textile Museum



MENNINGARRÁÐ VESTURLANDS
Culture council of West Iceland